

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi, Borgarbraut 10, Borg í Grímsnesi.

Í breytingunni felst að byggingarreitur bílskúrs á lóð nr. 10 við Borgarbraut færist nær íbúðarhúsi og verður sambyggður því með anddyri. Leyfileg hámarksstærð bílskúrs ásamt tengibyggingu má vera 50 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 2. mars 2016.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. apríl 2016.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. apríl 2016